

# OFNÆMISLYF Á MEÐGÖNGU

Algengustu ofnæmislyfin eru andhistamin í töfluformi (per os) og staðbundin steralyf. Flest andhistamín og staðbundin steralyf eru örugg til notkunar á meðgöngu. Mælt er með notkun annarrar kynslóðar andhistamína, sem hafa sem minnst slævandi áhrif.

Mælt er með að fletta viðeigandi lyfi upp á [Janusinfo.se](#) m.t.t. nýjustu upplýsinga um öryggi þess við meðferð á meðgöngu og/eða í brjóstgjöf.

## OFNÆMISLYF TIL INNTÖKU - ANDHISTAMÍN

Dæmi um ofnæmislyf sem eru talin örugg til notkunar á meðgöngu og í brjóstgjöf:

Desloratadin (Aerius<sup>®</sup>, Dasselta<sup>®</sup>, Flynnise<sup>®</sup>), loratadin (Loritin<sup>®</sup>, Clarityn<sup>®</sup>) og fexofenadin (Telfast<sup>®</sup>, Nefoxef<sup>®</sup>).

## OFNÆMISLYF Í ÚÐAFORMI

Dæmi um nefsprey sem eru talin örugg til notkunar á meðgöngu og í brjóstgjöf:

Avamys<sup>®</sup>, Nasonex<sup>®</sup>, Flixonase<sup>®</sup>, Dymista<sup>®</sup> og Mometason Apofri<sup>®</sup>.

## AUGNDROPAR

Dæmi um augndropa sem eru taldir öruggir til notkunar á meðgöngu og í brjóstgjöf:

Levokabastin (Livostin<sup>®</sup>), ketotifen (Zaditen<sup>®</sup>) og olopatadin (Opatanol<sup>®</sup>).